



Fjölmenningarstefna Álfasteins

Fjölmenning í leikskóla

Mikilvægt er að leikskólastarf í nútíma samfélagi endurspegli þann margbreytileika mannlífs sem þar er alla daga ársins. Fjölmenningarlegt leikskólastarf tekur mið af því að öll erum við ólík, en allir geta verið með á sínum forsendum. Í því felst meðal annars að:

- -Styrkleikur samfélagsins felst í fjölbreytni, það er í lagi að vera ólíkur öðrum.
- -Nám, kennsla og samskipti eru án fordóma.
- -Starfsfólk leikskóla vinnur með eigin viðhorf
- -Starfsfólk fer fjölbreyttar leiðir í samskiptum við fjölskyldur og fjölbreytt fjölskylduform eru viðurkennd
- -Það er borin virðing fyrir öllum.
- -Börn læra um menningu hvers annars.
- -Lögð er áhersla á að efla samvinnu og samkennd í barnahópnum.
- -Leitast er við að byggja upp jákvæða sjálfsmynd allra barna þannig að þau geti sýnt styrkleika sinn og þekkingu.
- -Leikefni og umhverfi barnanna er fjölbreytt
- -Unnið er með ólík tungumál og ritmál.
- -Kennarar þekkja leiðir til að kenna íslensku sem annað mál (myndrænt)

Leikskólinn Álfasteinn

Leikskólinn Álfasteinn starfar samkvæmt lögum og aðalnámskrá leikskóla sem gerir ráð fyrir að leikskólinn sé fyrir öll börn óháð líkamlegu eða andlegu atgervi, menningu eða trú. Fjölmeningarstefna þessi er gerð til að auðvelda börnum af erlendum uppruna að hefja skólagöngu á Álfasteini. Stefnan er sett fram á þann hátt að hægt sé að taka á móti fjölskyldu þar sem hvorki barn né foreldrar tali íslensku. En tali foreldrar íslensku auðveldar það samskipti. Þá er það nýtt úr stefnunni sem þörf er á hverju sinni.

Þegar barn af erlendum uppruna (með annað tungumál) hefur leikskólagöngu þá þarf að huga að ýmsu til að aðlögunin og leikskóladvölin gangi vel. Barnið og fjölskylda þess þurfa að upplifa sig velkomin, finna til öryggis í leikskólanum og samskiptin að ganga eins vel fyrir sig og mögulegt er við þessar aðstæður.

Það er erfitt að byrja í leikskóla þar sem talað er annað tungumál en börnin þekkja og umhverfið er etv. framandi. Mikilvægt er að hafa í huga að aðlögun barns í leikskóla getur verið mikið álag fyrir foreldra, kennara og önnur börn í leikskólanum. Gera þarf ráð fyrir lengri aðlögunartíma fyrir þau börn sem ekki skilja íslensku og tryggja þeim móttöku og stuðning við hæfi.

Undirbúningur

Áður en barnið byrjar í leikskólanum, þarf ákveðinn undirbúningur að eiga sér stað. Starfsfólk leikskólans þarf að fá upplýsingar um barnið og íslenskukunnáttu fjölskyldunnar. Tungumál, trúarbrögð og menning eru fjölbreytt og það er mikilvægt að starfsfólkið kynni sér upprunaland barnsins og undirbúi sig vel áður en leikskóladvölin hefst. Útbúa og hengja upp í forstofu spjald með þjóðfána barnsins og textanum „góðan dag“ á tungumáli barnsins /foreldranna. Foreldrarnir geta svo kennt starfsmönnum réttan framburð ef hann er ekki ljós.

Nauðsynlegt er að hafa tvo aðlögunaraðila, þann sem sér um aðlögunina og annan til vara ef hann er ekki til staðar, sá heldur sig meira til hlés en er samt í návistum við barnið frá upphafi aðlögunar.

Leikskólinn þarf að bjóða upp á túlkþjónustu ef foreldrar vilja og telja þörf á. Nauðsynlegt er að túlkur sé til staðar strax í fyrstu heimsókn foreldra á leikskólann.

Allar skriflegar upplýsingar þarf að þýða sem og heimasíðuna ef mögulegt er.

Áður en barnið byrjar er mikilvægt að upplýsa önnur börn á leikskólanum um nýja barnið og aðstæður þess.

Áður en barnið byrjar þarf aðlögunaraðilinn að útbúa lítið myndaalbúm með myndum af leikskólanum ásamt myndum og nöfnum starfsfólks og barna, sem barnið fær svo með sér heim.

Fyrsta samtali

Í fyrsta samtali við foreldra afla deildarstjóri og aðlögunaraðili almennra upplýsinga um barnið, auk nánari upplýsinga varðandi landið sem það kemur frá s.s. tungumál barns og foreldra, trúarbrögð, þjóðlegar hefðir og venjur.

Farið er yfir aðlögunarferlið og þau atriði sem eru rædd í öllum aðlögunarviðtölum. Einnig þarf að huga að meiri upplýsingagjöf til foreldranna því að margt getur verið þeim framandi t.d. varðandi foreldrasamtöl, hátíðisdaga, þjóðlegar hefðir, veðurfar, klæðnað, heilsugæslu o.fl.

Foreldrar eru beðnir um að fylla út í orðabók sem leikskólinn hefur útbúið með algengum orðum og setningum.

Aðlögun

Unnið er eftir almennri aðlögunaráætlun leikskólans, en henni hagrætt eins og þörf er á. Fyrsta daginn kemur barnið í stutta heimsókn, hittir starfsfólk og börn, skoðar sig um í leikskólanum og er sýnt fatahólfið sitt og sætið. Í lok fyrstu heimsóknar fær barnið myndaalbúmið með sér heim. Á öðrum/þriðja degi er barnið sent heim með myndir af sér í leikskólanum. Eftir því sem heimsóknnum fjölgar þá lengist dvölin í leikskólanum og eins og hjá öðrum börnum þá kemur að

Því að foreldrar kveðja og skreppa frá, stutt í fyrstu og svo lengist það smám saman.

Skólastarfið

Fyrir börn af erlendum uppruna er mikilvægt að öðlast góða færni í íslenskri tungu til að þroskast, aðlagast í leikskóla og mynda félagsleg tengsl við börn sem og kennara sína.

Gera þarf einstaklingsáætlun fyrir barnið með áherslu á málörvun og félagslega aðlögun. Hvar er barnið statt? Skilur barnið ekkert eða talar það einhverja íslensku? Hægt er að nota málþroskaprófið Orðaskil (styttri útgáfan) sem er orðaforðagátlisti. Ef barnið talar litla sem enga íslensku er hægt að búa til orðabók fyrir barnið með þeim orðum sem barnið kann (íslenska) og bæta við í bókina þegar fleiri orð bætast við. Þegar barninu eru kennd ný orð er gott að senda þau heim með barninu, þá geta foreldrar æft sig líka. Gott er að hafa mynd og bæði erlenda og íslenska orðið undir.

Ef barnið talar litla eða enga íslensku er gott að námsumhverfi leikskólans er myndrænt, þar eru ljósmyndir á veggjum, leikfangakörfum og hillum. Dagskipulagið er myndrænt og táknmyndir (TMT) og boardmaker notað eftir þörfum þannig að gott er fyrir barnið að benda og nefna og átta sig á hvað er framundan.

Leikskólinn þarf að útvega sér þjóðfána barnsins, myndir eða hluti frá landinu, kannski hægt að fá slíkt lánað hjá fjölskyldu barnsins.

Gott er að barnið komi með myndir að heiman, af fjölskyldunni, landinu sínu, jafnvel vinum og leikskóla í heimalandinu þar sem það á við.

Hafa kynningu á landinu fyrir hin leikskólabörnin. Kannski er hægt að fá foreldra barnsins til að segja frá, hægt er að elda mat frá landinu, hlusta á tónlist þaðan og þ.h.

Fá foreldra til að segja okkur frá hefðum í landinu og jafnvel er hægt að gera eitthvað fyrir barnið og okkur hin á þeirra hátíðisdögum.

Lokaorð

Á Álfasteini er tekið vel á móti öllum börnum. Fjölmeningarstefna þessi er gerð til að leikskólinn sé betur undirbúinn að taka einnig vel á móti barni/fjölskyldu af erlendu bergi, til að auðvelda samskipti milli heimilis og leikskóla og að börn og fullorðnir upplifi sig velkomna á Álfastein strax í upphafi leikskólagöngu.